

Ed.

675. Frumvarp til laga

um heimild handa ríkisstjórninni til ákvörðunar um samsiglingu íslenzkra skipa milli Íslands og Stóra-Bretlands.

(Lagt fyrir Alþingi á 61. löggjafarþingi, 1943.)

1. gr.

Ríkisstjórnin getur ákveðið með reglugerð, að íslensk skip eða önnur skip, leigð eða gerð út af íslenskum mönnum eða fyrirtækjum, er sigla milli Íslands og Stóra-Bretlands, skuli sigla tvö saman eða fleiri báðar leiðir.

Nánari fyriræli um þetta efni skal setja í reglugerð.

2. gr.

Þegar sérstaklega stendur á, má veita undanþágu frá ákvæðum 1. gr. eftir því og með þeim hætti, er mælt verður í reglugerð.

3. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara eða reglugerðar varða sektum frá 1000—50000 króna, enda liggja ekki þyngri refsing við að öðrum lögum. Ítrekað brot getur og varðað missi réttar til skipstjórnar allt að 6 mánuði.

4. gr.

Mál vegna brota á ákvæðum laga þessara sæta meðferð opinberra mála.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Siglingamenn vorir telja, að draga megi úr hættu þeirri, sem samfara er nú siglingum milli Íslands og Stóra-Bretlands, með því að hafa samsiglingu að minnsta kosti tveggja skipa þessar siglingaleiðir. Tillögur þessa frumvarps um þetta atriði eru samkvæmar óskum siglingamanna vorra.

Fylgir hér með uppkast að reglugerð, sem fulltrúar stéttarfélaga sjómanna og útgerðarmanna hafa komið sér saman um og verður gefin út, ef frumvarp þetta verður að lögum.

Fylgiskjal.

Frumvarp til reglugerðar um samsiglingar skipa.

1. gr.

Öll islenzk skip og skip, sem eru leigð eða gerð út af islenzkum mönnum eða fyrirtækjum, er sigla milli Íslands og Stóra-Bretlands með isvarinn fisk, skulu sigla tvö saman eða fleiri báðar leiðir.

2. gr.

Samsiglingum þeim, sem um ræðir í 1. gr., skal, ef þess er kostur, haga þannig, að togarar sigli saman og önnur skip, sem flytja nýjan fisk, sigli saman.

3. gr.

Félag islenzkra botnvörpuskipaeigenda ákveður, hvaða togarar skuli sigla saman í hverri ferð, og frá hvaða stað þeir skuli hefja samsiglingu.

4. gr.

Sérhverju togarautgerðarfyrirtæki er skylt að tilkynna Félagi islenzkra botnvörpuskipaeigenda um ferðir og aflabrögð skipa sinna, svo að félagið hafi nákvæmt yfirlit yfir, hvernig samsiglingu á hverjum tíma verði bezt fyrir komið.

5. gr.

Félag útgerðarmanna línuveiða- og fiskkaupaskipa ákveður, hvaða fiskkaupaskip skuli sigla saman í hverri ferð, og frá hvaða stað samsigling skuli hefja.

6. gr.

Sérhverju útgerðarfyrirtæki fiskkaupaskipa er skylt að tilkynna Félagi útgerðarmanna línuveiða- og fiskkaupaskipa um ferðir og fiskkaup skipa sinna, svo að félagið hafi nákvæmt yfirlit yfir, hvernig samsiglingu þessara skipa verði bezt fyrir komið.

7. gr.

Sérhvert útgerðarfyrirtæki, sem á skip í förum á milli Íslands og Bretlands með isvarinn fisk, skal jafnan láta þann aðila, sem hefur framkvæmd reglugerðar þessarar með höndum, vita og fylgjast með ferðum og aflabrögðum skipanna.

Þegar svo stendur á, að togari og samstæð fiskkaupaskip eru samtímis ferðbúin til Bretlandsferðar eða til heimferðar frá Bretlandi, skulu þau hafa samsiglingu.

8. gr.

Með samþykki Félags islenzkra botnvörpuskipaeigenda og Félags útgerðarmanna línuveiða- og fiskkaupaskipa getur atvinnuáráðherra ákveðið, að öðrum en þessum félögum verði falið stjórn þessara samsiglinga.

9. gr.

Skipum, sem eru í samsiglingu, er skylt að haga siglingu þannig, að þau séu ávallt í námunda hvert við annað, nema stórviðri eða dimmviðri hamli.

10. gr.

Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugerðar um samsiglingu, ef upplýst er, að ekkert skip geti komið til greina til samfylgdar, enda eigi

skipstjóri eða útgerðarmaður hlutaðeigandi skips ekki sök á þeim atvikum, er ollu því, að þannig er ástætt um skipið.

11. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar fimm manna nefnd, er úrskurðar beiðnir um undanþágu frá samsiglingu samkvæmt 10. gr.

Nefndin skal þannig skipuð: Stjórnir stéttarféлага sjómanna í Reykjavík og Hafnarfirði tilnefna tvo menn, Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda tilnefnir einn og Félag útgerðarmanna línuveiða- og fiskkaupaskipa einn. Hinn fimmta skipar ráðherra án tilnefningar, og er hann forniður nefndarinnar. Skipa skal jafnmarga varamenn. Nefndarmenn skulu húsettir í Reykjavík eða Hafnarfirði.

12. gr.

Áður en undanþága er veitt, skal siglingaskipstjóri leggja fram gögn fyrir því, að næg skipshöfn til siglinga á viðkomandi skipi sé fyrir hendi.

Ekki má láta skipverja á nokkurn hátt gjalda þess, þó að hann sigli ekki á skipinu milli landa.

13. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða sektum frá 1000 –50000 króna. Ítrekað brot getur og varðað missi réttar til skipstjórnar allt að 6 mánuði.

14. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem opinber mál.